



Fundargerð

5. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 5. janúar 2026, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Árdís Erna Halldórsdóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Jelena Ohm, Ferðamálasamtök Suðurlands
Sveinn Hreiðar Jensson, Ferðamálasamtök Suðurlands
Aníta Jónsdóttir, Visit South Iceland ehf.
Birna Þrúður Sigurbjörnsdóttir, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Forföll:

Ágúst Elvarsson, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu
Anton Kári Halldórsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Árdís Erna Halldórsdóttir

Dagskrá fundar:

- Samþykkt áætlana fyrir 2026
- Vestmannaeyjabær í samstarf
- Mannamót - staða
- Önnur mál

Samþykkt áætlana fyrir 2026

Framkvæmdastjóri kynnir smávægilegar breytingar á starfs- og rekstraráætlunum 2026 frá kynningu á fundi í desember. Stjórn ræðir og samþykkir áætlanir.

Vestmannaeyjabær í samstarf

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur samþykkt að koma inn í samstarfið um Markaðsstofu Suðurlands og því fagnar stjórn MSS og býður Vestmannaeyjar velkomnar í samstarf. Framkvæmdastjóri leggur til að starfsfólk MSS finni tíma með Vestmannaeyjabæ til að fara yfir samstarfið, hverjar helstu áherslur VE séu þegar kemur að ferðamálum og hvaða efni MSS vantar frá VE. Aðrir fundarmenn taka undir það.

Mannamót - staða

Mannamót 2026 verða haldin í Kórnum Kópavogi þann 15. janúar nk. Skráning á viðburðinn gekk vel og eru 80 fyrirtæki af Suðurlandi skráð til þátttöku. Alls eru 255 fyrirtæki skráð á viðburðinn. Nú þegar hafa um 350 gestir skráð sig á viðburðinn og venjulega koma flestar skráningar í sömu viku og viðburðurinn er haldinn.

Heilmikil dagskrá verður í tengslum við Ferðapjónustuvikuna dagana 13.-15. janúar og eru öll hvött til að mæta og taka þátt í þeim viðburðum sem í boði eru.

Önnur mál

Fundir í desember

- Fundur með Reykjanesi um The Volcanic Way
- Vinnustofa 2 í Ratsjóni
- Mánaðarlegur fundur forstöðumanna MAS
- Seinni stöðufundur ársins með Ferðamálastofu
- Kynning á fundi ferðapjónustuaðila í Uppsveitum Árnessýslu
- Árlegur jólafundur Ferðamálastofu og Markaðsstofa landshlutanna
- Fundur um regenerative tourism
- Fundur um notendaprófun á gagnagrunni Ferðamálastofu

Sýnileiki MSS

Tillaga kom fram að nýta vettvang LinkedIn meira og munu starfsmenn skoða það. Einnig að halda enn betur utan um birtingar, eftirfylgni og árangur blaðamannaferða.

Fundi slitið 11:05